

# Skólanámskrá Öskjuhlíðarskóla – 5. hluti

- Gerð námsáætlana og einstaklingsnámskráa-



2009

## **Efni**

Einstaklingsmiðað nám - fjölbreyttir kennsluhættir .....	3
Markmið .....	3
Framkvæmd.....	3

# Einstaklingsmiðað nám - fjölbreyttir kennsluhættir

Í Reykjavík er rekin sú skólastefna sem nefnist skóli án aðgreiningar. Á ensku er talað um *Individualized Learning, Individualized Instruction* eða *Individualized Education*. Þessi hugtök eru þýdd með orðunum einstaklingsmiðað nám eða einstaklingsbundin kennsla. Þegar talað er um einstaklingsmiðað nám er átt við að skólinn mæti þörfum nemenda þar sem þeir eru staddir án þess þó að minnka kröfurnar. Segja má að Öskjuhlíðarskóli byggi á yfir 30 ára reynslu á einstaklingsmiðuðu námi. Rætur einstaklingsmiðaðs náms liggja víða s.s. í kenningu uppeldisfrömuða á borð við Jean-Jacques Rousseau (1712-1778), John Dewey (1859-1952), Mariu Montessori (1870-1952) og Jean Piaget (1896-1980). Það sem tengir þessa fræðimenn saman er að nemandinn er í brennidepli og að nám sé byggt á fyrri þekkingu nemandans. Bandaríski heimspekingurinn John Dewey fjallar um að skólinn þurfi að taka stöðugt til greina það umhverfi sem hann er í. Mikilvægt er að viðfangsefnin séu hæfilega erfið, hvorki of einföld né of flókin. Það er hlutverk kennarans að velja viðfangsefni af hæfilegri þyngd fyrir nemendur. Áhugi nemanda er mikilvægur í þessu ferli og nauðsynlegt að byggja á honum. Dewey talar um mikilvægi þess að nemendur læri í gegnum raunveruleg viðfangsefni sem eru menntandi og leiði til aukins þroska. Hann varar við öfgafullum andstæðum og þeirri tilhneigingu að setja skoðanir sínar fram sem annaðhvort eða og viðurkenna enga möguleika þarna á milli. Þetta eru allt sjónarmið sem eiga enn við í dag. Ljóst er að fjölbreyttar kennsluáferðir eru nauðsynlegar og líklega besta leiðin til að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda. Dewey talar um að aðaluppspretta félagslegs taumhalds búi í þeirri vinnu sem sameiginleg verkefni skapa þar sem hver og einn á þess kost að leggja sitt af mörkum og þar sem allir finna til ábyrgðar. Ann Tomlinson segir að það sé mikilvægt í einstaklingsmiðuðu námi að námið og kennslan skipti nemandann máli, að námið tengist þeim heimi sem þau þekkja. Megináhersla skólans er að gera nemandann virkan og hæfan til að taka þátt í samfélaginu eða eins og segir í aðalnámskrá grunnskóla (2006) „leggja áherslu á að byggja sérhvern nemanda upp sem heilsteyptan einstakling með trausta menntun og þjálfun til að takast á við frekara nám og búa hann undir þátttöku í atvinnulífi, fjölskyldulífi og félagslífi.“

## Markmið

Meginmarkmið með einstaklingsmiðuðu námi skólans er :

- að allir nemendur skólans fái einstaklingsáætlun
- að mæta þörfum nemenda þar sem hann er staddur án þess þó að minnka kröfurnar
- að námið byggi á reynslu og þekkingu nemenda
- að gefa nemendum tækifæri til að vinna saman að viðfangsefnum sínum
- að nemendur fari í gegnum ákveðna grunnþætti sem gerð er grein fyrir í árganganámskrá
- að nemendur tileinki sér námsefnið eftir mismunandi áferðum og hraða
- að byggja á sterkum hliðum nemandans
- allir geti eitthvað en enginn allt
- að nemendur eflist í sjálfstæðum vinnubrögðum
- að nemendur geti valið
- að virkja jákvæða hegðun nemenda

## Framkvæmd

Nám og kennsla í Öskjuhlíðarskóla er einstaklingsmiðuð fyrir hvern og einn nemanda. Strax í upphafi skólaársins vinnur fagfólk bekkjadeilda að gerð einstaklingsnámskráa og áætlana fyrir bekkjadeildir út frá fyrirbyggjandi upplýsingum. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir alla nemendur m.a.í móðurmáli og stærðfræði og öðrum þeim námsþáttum sem aðlaga þarf sérstaklega að þörfum einstakra nemenda. Drög að einstaklingsnámskrám eru kynnt fyrir foreldrum og óskað er eftir þeirra álit. Undanfarin tvö skólaár hefur Ingibjörg Auðunsdóttir lektor við Háskólann á Akureyri haldið námskeið fyrir alla starfsmenn skólans um gerð einstaklingsáætlana. Stjórnendur skólans fara yfir allar einstaklingsáætlanir nemenda strax í september ár hvert og gera athugasemdir þar sem við á. Farnar eru ýmsar leiðir til að einstaklingurinn fái að njóta sín í sem flestum námsgreinum.

**Útikennsla** er kennsluaðferð sem hefur verið að ryðja sér til rúms á undanförunum árum. Öskjuhlíðarskóli stendur í mjög fallegu umhverfi og því mjög auðvelt að færa skólastarfið út fyrir skólastofuna. Nemendur vinna verkefni sem tengja náttúruna og námsgreinar saman og vinna að lausn viðfangsefna á annan hátt en innan dyra. Þarna kynnast nemendur um leið sínu nánasta umhverfi, njóta útiveru og nota öll skilningarvit við námið. Útikennsla er bundin í stundaskrá hjá 1. – 5. bekk. Í aðalnámskrá grunnskóla (2007), náttúrufræði og umhverfismennt segir að: „Litið er svo á að útikennsla, það að flytja kennslu að einhverju leyti út fyrir veggi skólans, auðgi og styrki allt nám ásamt því að vera hollt bæði líkama og sál. Útikennsla er sérstaklega nauðsynleg í náttúrufræðinámi þar sem úti í samfélagi, umhverfi og náttúru er sá raunveruleiki sem börnin eru að læra um og þurfa að þekkja, skilja og skynja. Það er því mikilvægt að skólar samþætti útikennslu í skólanámskrá sína með það m.a. að markmiði að kynna nemendum nánast umhverfi sitt og efla vitund og virðingu fyrir því.”

**Þemadagar / list og menning** Þemadagar eru hluti af skólastarfinu. Í þemavinnu er lögð áhersla á samvinnu og þar er unnið er þvert á námsgreinar. Þar gefst nemendum kostur á að kynnast nemendum í öðrum árgöngum. Verkefnaval þemadaga eykur fjölbreytni í skólastarfinu. Sem dæmi um verkefni sem tekin hafa verið fyrir á þemadögum má nefna lestur, listir og menning. Þá heimsækjum við sýningar og söfn borgarinnar. Kennarar Öskjuhlíðarskóla nýta sér Öskjuhlíðina allt árið til útivistar og fræðslu. Stuttmyndirnar hafa verið sýndar foreldrum og starfsfólki skólans þar sem nemendur skólans eru í aðalhlutverki.

**Vettvangsferðir** eru námsferðir sem tengjast viðfangsefnum sem nemendur hafa verið að læra um. Dæmi um vettvangsferðir í skólanum eru: ferð á Þjóðminjasafnið og Landnámssetrið, ferðir á listasöfn, ferð á Sögusafnið, heimsókn í Rafheima, heimsókn á Borgarbókasafnið í Kringlunni í tengslum við vinnu nemenda á bókasafni skólans, ferðir á vinnustaði s.s. eins og Mjólkursamsöluna, slökkviliðið og lögreglustöðina, ferðir í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn en vinnumorgun þar er einn af föstum liðum í skólastarfinu. Auk þess koma leik- og tónlistarlistamenn í heimsókn í skólann með sýningar. Ennfremur er það orðinn árlegur viðburður að allir starfsmenn og nemendur skólans gagna á Esjuna í maí mánuði.

**Skólaferðalög** eru farin á vorin eða að hausti til. Nemendur fara í ferðalög með kennurum sínum á hverju skólaári. Markmið ferðanna eru:

1. að nemendur kynnist nánasta umhverfi sínu
2. að nemendur kynnist náttúru landsins, atvinnuháttum og menningu
3. að nemendur læri að umgangast landið og njóta útivistar
4. að nemendur njóti samveru undir leiðsögn kennara

Ferðirnar eru oftast farnar á vorin. Nemendur 10. bekkjar fara í tveggja til þriggja daga útskriftarferð í maí mánuði.

**Samsöngur** er hluti af námi barna í skólanum og er starfandi kór innan skólans. Nemendur koma saman á sal og syngja undir stjórn tónmenntakennara skólans. Þróunarstarf hefur verið unnið sl. tvö skólaár þar sem tengsl Öskjuhlíðarskóla við almennan grunnskóla er unnið í gegnum söng. Markmiðin með samsöngnum eru að:

1. efla og viðhalda sönghefð í skólanum
2. eiga saman jákvæðar samverustundir
3. læra texta
4. styrkja ljóðapáttinn í bókmenntum
5. syngja um árstíðir og velja texta og söngva sem tilheyra þeim

**Skólabókasafninu** er ætlað að styðja dyggilega við allt skólastarfið og eitt af meginmarkmiðum þess er að hvetja nemendur til lesturs sér til gagns og ánægju og kynna fyrir nemendum þá möguleika sem skólasafnið býður upp á til yndislesturs og upplýsingaöflunar. Nýtt bókasafn var tekið í notkun í skólanum í janúar 2009.